

Viðauki

við verksamning um sorphirðu og förgun í Ísafjarðarbæ

Viðauki þessi er gerður við verksamning um sorphirðu og förgun í Ísafjarðarbæ, dags. 8. desember 2018.

Upphaflegur verksamningur var milli Ísafjarðarbæjar, kt. 540596-2639, sem verkkaupa, og Gámaþjónustu Vestfjarða ehf., kt. 570192-2139, sem verktaka, með gildistíma 1. janúar 2018 til 31. desember 2021.

Með viðauka, dags. 13. mars 2018, sameinaðist Gámaþjónusta Vestfjarða ehf. yfirtökufélaginu Gámaþjónustunni hf., kt. 410283-0349, sem tók við öllum réttum og skyldum skv. samningnum. Þann 7. október 2019 tók verktaki upp nýtt nafn, Terra hf. og var samningurinn framlengdur til 31. desember 2023.

Með samkomulagi Terra hf. og Kubbs ehf., kt. 660606-1650, yfirtók Kubbur ehf. alla starfsemi Terra hf. á Vestfjörðum, frá og með 1. júlí 2022, og var viðauki við samninginn vegna þessarar breytingar undirritaður 26. ágúst 2022. Með þeim viðauka tók Kubbur ehf. við öllum réttindum og skyldum skv. samningnum.

1. gr.

Framlenging samnings

Með viðauka þessum samþykkja Ísafjarðarbær, sem verkkaupi, og Kubbur ehf, sem verktaki, að framlengja verksamning um sorphirðu og förgun í Ísafjarðarbæ til tveggja ára, eða frá **1. janúar 2024 til 31. desember 2025**. Er framlenging þessi í samræmi við ákvæði í grein 0.1.4. í útboðslýsingu fyrir framangreint verk.

2. gr.

Samningsupphæð

Samningsupphæð 2. gr. verksamningsins tekur mið af einingarverðum bjóðandi, samkvæmt tilboði hans frá 7. nóvember 2017, með leiðréttingum samkvæmt ákvæðum útboðslýsingar er kr. 179.150.676, með VSK, á samningstímanum, 1. janúar 2023 til 31. desember 2025, að viðbættum verðbótum frá opnunardegi, samanber ákvæði greinar 0.5.6. í verklýsingu.

3. gr.

Verklýsing - Úrvinnslusjóður

3. mgr. 1.0. í verklýsingu samningsins breytist og fellur setningin „*Verktaki fær allar greiðslur frá Úrvinnslusjóði*“ út, enda hefur fyrirkomulag greiðslna úr Úrvinnslusjóði breyst, og greiðir Úrvinnslusjóður beint til sveitarfélags vegna sérstakrar söfnunar.

Þá bætist við svohljóðandi ákvæði: „*Verktaki skal mánaðarlega skila skilagreinum til Úrvinnslusjóðs um sérstaka söfnun (plast, pappi, málmar og gler) frá heimilum, grenndarstöðvum og söfnunarstöðvum, eftir því fyrirkomulagi sem Úrvinnslusjóður krefst. Greiðslur til verktaka vegna sérstakrar söfnunar koma til framkvæmda í samræmi við skilagreinar til Úrvinnslusjóðs.*“

4. gr.

Verklýsing - endurvinnslutunna

8. mgr. 1.1. í verklýsingu samningsins varðandi laus ílát (innri hólfi) í endurvinnslutunnu og um plast, járn og pappa sem skal losa í þau, breytist og verður eftirfarandi:

„Í endurvinnslutunnum eru innri hólfi þar sem íbúar losa plast. Járnúrgangur skal losaður á grenndarstöðvar eða gámastöðvar. Pappírúrgangur skal áfram settur í endurvinnslutunnu, undir og til hliðar við innra hólfi fyrir plastúrgang.“

5. gr.

Verklýsing – innri hólfi

1. mgr. 1.1.3. í verklýsingu samningsins breytist og verður eftirfarandi: „Verktaki safnar úr endurvinnslu ílátum og innri hólfum þeirra við heimili í sveitarfélaginu og flytur innihald til móttökustöðvar sinnar. Verktaki eignast innihald og skal ráðstafa til viðurkenndrar endurvinnslu.“

6. gr.

Tilboðsskrá nr. 1

Við tilboðsskrá nr. 1 bætist vinnuliður nr. 5a, vegna breytinga á ákvæði 1.1.3., sbr. 4. gr. viðauka þessa, og verður eftirfarandi:

Nr.	Tilv.	Lýsing vinnuliðar	Eining	Magn á ári	Einingaverð kr.	Fjöldi ára	Samt. kr. á samn. tíma
5.a.	1.1.3	Tæming innra hólfs endurvinnslutunnu	tæming	28.262	251 m.v. 1.1.2023	2	14.187.524

7. gr.

Einingaverð vegna vinnuliðar 5.a.

Einingaverð vinnuliðar 5.a. skv. 6. gr. verðbætast í samræmi við lið 0.5.6. í útboðslýsingu um verðlagsgrundvöll, fyrst í febrúar 2023.

8. gr.

Tilboðsskrá nr. 1 – uppfærðar magntölur

Verkkaupi gerði ílátatalningu á árinu 2023, og skulu magntölur í samningi uppfærðar m.t.t. þess.

Ný tilboðsskrá nr. 1 verður eftirfarandi:

Nr.	Tilv.	Lýsing vinnuliðar	Eining	Magn á ári
1	1.1.1	Tæming sorptunnu 240 L	tæming	31.044
2	1.1.1	Tæming sorptunnu 660 L	tæming	1.534
3	1.1.2	Tæming íláta fyrir lífrænan úrgang 35-55 L	tæming	28.872
4	1.1.2	Tæming íláta fyrir lífrænan úrgang 240 L	tæming	1.300

5	1.1.3	Tæming endurvinnslutunnu 240 L	tæming	29.588
6	1.1.3	Tæming endurvinnslutunnu 660 L	tæming	1.170

9. gr.

Fræðsla - yfirlit

Ákvæði 1.8. í verklýsingu samningsins um að verktaki skuli að öllu leyti sjá um fræðsluáttak og útbúa leiðbeiningarbæklinga breytist og verður ábyrgðin á herðum verkkaupa, í samræmi við upplýsingar frá verktaka. Verktaki skal þó áfram dreifa upplýsingabæklingum frá verkkaupa sé þess óskað.

10. gr.

Leiga innri hólfa endurvinnslutunna

Ísafjarðarbær skal leigja innri hólfi í endurvinnslutunnum sveitarfélagsins, enda eru þau eign verktaka, skv. 8. mgr. 1.1. í verklýsingu samningsins. Greiðsla vegna þess skal vera kr. 1.250.000 á samningstímanum, og skal verktaki senda verkkaupa sérstakan reikning vegna þess.

Leiguverð miðast við innri hólfi í allar endurvinnslutunnur sveitafélagsins við heimili þar sem einungis eitt ílát er við viðkomandi staðfang. Verktaki skal sjá til þess að innra hólfi sé í tunnum, í samræmi við ákvæði þetta, við undirritun samnings.

Verktaki skal sjá um endurnýjun innra hólfs tapist ílát eða skemmist af völdum verktaka, án kostnaðar fyrir verkkaupa.

11. gr.

Gildistími

Ákvæði 3.-9. gr. viðauka þessa taka gildi 1. janúar 2023, og skal verktaki senda verkkaupa uppgjör og reikning vegna ársins 2023 við undirritun samnings.

Með viðauka þessum samþykkja verkkaupi og verktaki að ákvæði útboðs- og verklýsingar er liggja til grundvallar ofangreindum verksamningi gilda að öðru leyti en í viðauka þessum greinir.

Ísafirði, nóvember 2023

F.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. Kubbs ehf.

Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri

Unnar Hermansson, frkv.stj.